

# **GOLFKLÚBBUR AKUREYRAR**



## **SKÝRSLA STJÓRNAR**

**2017**

**1. NÓVEMBER 2016 – 31. OKTÓBER 2017**



## STJÓRN OG NEFNDIR STARFSÁRIÐ 2016-2017

### Aðalstjórn

Formaður:	Sigmundur Ófeigsson	eitt ár
Varaformaður:	Jón Steindór Árnason	fyrri ár
Ritari:	Ingi Torfi Sverrisson	seinna ár
Gjaldkeri:	Guðlaug M. Óskarsdóttir	fyrri ár
Meðstjórnandi:	Örn Viðar Arnarson	fyrri ár

### Varamenn í stjórn

1. varamaður Sigurður Skúli Eyjólfsson eitt ár
2. varamaður Eygló Birgisdóttir eitt ár

### Vallarnefnd (GSÍ)

Formaður: Örn Viðar Arnarson  
Jón S. Hansen  
Heimir Jóhannsson  
Sverrir Þorvaldsson  
Bjarni Þórhallsson  
Pórunn Haraldsdóttir  
Framkvæmdastjóri GA  
Vallarstjóri GA

### Afreks og unglínganefnd

Formaður: Skúli Eyjólfsson  
Anton Ingi Þorsteinsson  
Harpa Hafbergsdóttir  
Golfkennari GA  
Ágúst Ingi Axelsson  
Valur Guðmundsson

### Kapleikjanefnd (GSÍ)

Formaður: Jón Heiðar Sigurðsson  
Haraldur Bjarnason  
Skrifstofa GA

### Arctic Open nefnd

Formaður: John Júlíus Cariglia  
Viðar Valdimarsson  
Halla Sif Svavarsdóttir  
Jón Egill Gíslason  
Eygló Birgisdóttir  
Heimir Örn Árnason  
Geir Kristinn Aðalsteinsson

Framkvæmdastjóri GA

### Forgjafar og aganefnd (GSÍ)

Formaður: Björn Axelsson  
Eiður Stefánsson  
Stefán Jónsson

### Nýliðanefnd

Þorsteinn Konráðsson  
Stefanía Kristín Valgeirsdóttir  
Snæbjörn Snæbjörnsson  
Jón Gunnar Traustason  
Golfkennari GA



#### **Öldunganefnd**

Haraldur Júlíusson  
Þórunn Anna Haraldsdóttir  
Hafberg Svansson

#### **Húsnefnd**

Þorsteinn Konráðsson  
Baldur Ingi Karlsson  
Jón Vídalín

#### **Skoðunarmenn ársreikninga**

Sveinn Pálsson  
John Júlíus Cariglia

## **SKÝRSLA FORMANNS**

Góðir félagar, ég býð ykkur öll velkomin hingað að Jaðri á aðalfund GA fyrir starfsárið 2016-2017.

Í upphafi fundar langar mig að biðja ykkur að minnst látins félaga okkar en Pálmi Þorsteinsson lést núna 3. Janúar 2018 og Þorvaldur Snæbjörnsson þann 11. Janúar 2018. Ég bið ykkur fundargesti vinsamlega að rísa úr sætum og minnst Pálma.

Kæru GA félagar, ég vil byrja á því að þakka samstarfsfólki, stjórnarmönnum, nefndarmönnum, starfsmönnum sem og öðrum GA félögum gott samstarf síðastliðið starfsár. Miklar breytingar urðu í upphafi þessa starfsárs sem er að líða þar sem framkvæmdastjórnarskipti urðu og Heimir Örn tók við af Ágústi Jenssyni, á sama tíma sem þeirri miklu uppbyggingu er að ljúka sem að Jaðri hefur verið síðastliðin ár. Síðustu framkvæmdirnar í þessari uppbyggingu voru þar 3 völlurinn „Dúddisen“ og svo uppbygging Klappa og kennsluáðstöðu þar. Þessi tvö verkefni eru lokin á þeirri uppbyggingu sem verið hefur í gangi sl. 7 ár. Þarna hefur GA tekist að skapa afburða kennsluáðstöðu og fyrsta flokks æfingaaðstöðu fyrir alla GA féлага og golfara á svæðinu.

Á sama tíma og þessi uppbygging hefur verið í gangi hefur stjórn meðvitað aukið áherslu og bætt við fjármuni og sem fara til unglinga og afreksstarf og hefur aldrei verið lögð jafn mikil áhersla á þá uppbyggingu m.a. voru tveir golfkennarar starfandi sl. ár. Aldrei farið jafn miklir fjármunir til þess málaflokks eða um 14% af veltu GA. Velunnari klúbbsins aðstoðaði okkur svo við að bæta enn í kennslu og þjálfunarhlutann með því að kosta til okkar þekktan golfkennara, John Garner sem er fyrrverandi atvinnumaður í golfi og hefur getið sér afar gott orð í golfkennslu, þetta var eitt innleggið enn í uppbyggingastarf unglinga og til að skapa félögum tækifæri á að bæta sitt golf.

Síðastliðinn vetur var mjög þægilegur m.t.t. vetrarharka því ekki voru miklir umhleyplingar og ekki þurfti mikið að standa vaktina við vetrarvinnu á vellinum svo sem við snjóverkun af flötum og teigum eða að vera í snjómokstri á vellinum heldur gátu starfsmenn einbeitt sér að viðhaldi tækja og undirbúningi sumarsins. Afleiðing þessa var svo sú að völlurinn kom afar vel undan vetri og má með sanni segja að síðastliðið sumar, sumarið 2017 hafi verið eitt það besta í sögu klúbbsins m.t.t. golfvallar og gæða hans. Sumarið var gott, völlurinn opnaði snemma og var afburða góður allt sumarið. GA félagar og aðrir golfarar spiluðu Jaðar við bestu aðstæður frá aprílmánuði og út októbermánuð við afar góðar aðstæður. Það má segja að strax í upphafi vertíðar hafi völlurinn verið kominn í topp ástand og varð strax mikið álag á völlinn og vallarstarfsmenn og reyndi á starfsfólk að koma öllu í gang og halda gæðum uppi því ekki var komin full mönnun sumarstarfa við opnun.



Mótahald gekk vel í sumar og var hápunktur þess þann 4-7. júlí er meistaramót GA í golfi var haldið. Önnur mót tókust afar vel og var mikil ásókn í öll stóru mótin okkar svo sem Arctic Open, Hjóna og para sem og Volkswagen Open. Segja má að góð aðsókn hafi verið að all flestum okkar mótum, helst er það Meistaramót okkar GA fólks, sem við þurfum að finna leiðir til að auka þátttöku í.

Við höldum íslandsmót eldri kylfinga sem tókust afar vel og var þar mikil þátttaka. Við hýstum einnig eitt mót í Íslandsbankamótaröðinni, mótaröð unglunga og eitt mót í Eimskipamótaröðinni, sem bæði tókust með miklum ágætum.

Akureyrarmótið var haldið með miklum sóma en þó var þátttaka í Akurerarmótinu með minna móti, Akureyrarameistarar voru þau Stefanía Elsa Jónsdóttir og Kristján Benedikt Sveinsson og óska ég þeim til hamingju með sigurinn.

GA félagar eru nú 672 er það á svipuðu róli og fyrra ár. Af þessum fjölda félaga eru skráðir krakkar 15 ára og yngri tæplega 60 talsins. Því miður hefur verið misbrestur á þessum talningum og eru þessir listar nú í endurskoðun.

Þátttaka í mótum var almennt mjög góð og gestakoma nokkur, þess má geta að það voru rétt um 400 hringir spilaðir af erlendum kylfingum í sumar sem er svipað milli ára.

Unglingar okkar og afrekskylfingar voru mjög duglegir að keppa í sumar á mótum GSÍ og unnu marga sigra, getum við verið mjög stolt af þeim. Í skýrslu stjórnar/unglingaráðs má finna upplýsingar um afrek okkar unglunga. Ég vil þó geta þess hér að GA eignaðist þrjá íslandsmeistara á árinu en Andrea Ýr Ásmundsdóttir varð íslandsmeistari flokki telpna, 15-16 ára. Leikið var á Húsatóftavelli í Grindavík og var Andrea í 1-2 öðru sæti í högggleiknum og vann síðan sannfærandi sigra í 8 manna og 4 manna úrslitum, 7/5 og 5/3. Jón Gunnar Traustason varð íslandsmeistari eldri kylfinga í flokki 50 ára og eldri sem var haldið hér að Jaðri. Jón Gunnar spilaði frábært golf og lék á pari vallar á lokadaginn. Björgvin Þorsteinsson varð íslandsmeistari karla 35+ í Vestmannaeyjum eftir glæsilega spilamennsku.

Miklar breytingar urðu hjá klúbbnum í lok árs. Heimir Örn sagði starfi sínu lausu hjá klúbbnum eftir tæpt ár í starfi og var það mat stjórnar að ráða strax í starfið og hefur Steindór Ragnarsson verið ráðinn framkvæmdastjóri GA.

Rekstur klúbbsins var erfiður á árinu, mikið launaskrið varð og fengum við ekki unglunga frá unglungavinnu Akureyrarbæjar því flestir unglingar fá vinnu núna á vinnumarkaðnum því mikil eftirspurn er eftir fólki. Þetta kemur fram í uppgjöri klúbbsins og er ljóst að bregðast verður við þessum hallarekstri og snúa til betri vegar. Það liggur fyrir að mikla vinnu og útsjónarsemi stjórnar og starfsfólks þarf til að bæta reksturinn.

Að lokum við ég endurtaka þakkir mínar til allra GA félaga sem og starfsmanna klúbbsins.

Takk fyrir

Sigmundur Einar Ófeiggsson





## SKÝRSLA VALLARNEFNDAR

Árið 2017 var mikið golfár, opnuðum við völlinn 1.maí í framhaldi af vel mættum vinnudegi. Þar voru unnin hin ýmsu verk og hefur völlurinn sjaldan ef nokkurn tímann verið kominn í eins gott ástand snemma í maí. Yfir vetrarmánuðina var unnið að smíði skápa í kjallara Klappa, og eru þar nú 241skápar í útleigu. Það er almenn ánægja með hvernig til tókst og þökkum við þeim kærlega fyrir sem lögðu hönd á plóg.



Völlurinn fékk mjög gott umtal í sumar og var vel mætt í mótin okkar þar sem kylfingar létu ánægju sína í ljós með völlinn.

Mikið var spilað á vellinum í haust og var völlurinn opinn til 2.nóvember með litlum takmörkunum. Fylgst er grant með snjóalögum og klakamyndun á flötum vallarins yfir vetrarmánuðina. Starfsmenn vallarins hafa verið duglegir að fylgjast með og hafa mokað af flötum þegar hláku er að vænta. Sú vinna hefur tekist vel undanfarið og er ljóst að þekking og reynsla okkar í þeim málum er alltaf að aukast. Með slíkri vinnu má lágmarka klakamyndun.



Klúbburinn sá um rekstur og umhirðu Lundsvallar í sumar. Lundsvöllur var mun betri í ár en fyrra, veturinn eins og hér töluvert léttari. Umtal og spil jókst með sumrinu og bindum við vonir við næsta sumar. Eigendur Lundsvallar hafa fjárfest í sjálfvirku vökvunarkerfi og verður það sett upp í vor. Samstarf okkar við KA og Þór gekk áfram vel og voru vellirnir í frábæru ástandi í sumar. Þökkum við þeim fyrir gott samstarf í sumar.



Samstarf okkar við klúbba hér á norðurlandinu hefur aukist í gegnum árin og gengur það samstarf mjög vel. Það hefur verið látið vel af okkar starfsmönnum sem sinna vinnu á golf og fótboltavöllum hér í kring. Hér er sótt í mikla þekkingu og góðann tækjakost til að sinna umhirðu grasssvæða klúbbanna.

Með kveðju  
Vallarnefnd

## SKÝRSLA KAPPLEIKJANEFNDAR

Mótahald sumarsins tókst mjög vel.

Opnunarmót Jaðars var haldið þann 20. maí í blíðskapar veðri. Völlurinn var strax orðinn mjög góður og tóku 67 eldhressir kylfingar þátt í fyrsta mótinu. Síðasta mót sumarsins var svo haldið laugardaginn 7. Október.

Mótahald var svipað og síðustu ár. Eitt stærsta mót sumarsins var Íslandsmót öldunga LEK. Kylfingar fengu ágætis veður og það fór svo að okkar maður Jón Gunnar Traustason spilaði frábært golf og fór með sigur af hólmi eftir mikla baráttu m.a. við Björgvin Þorsteinsson. Óskum við honum innilega til hamingju með það.

Fórum við af stað með þriðjudagsmótaröð og gekk hún að mestu leyti vel og þá sérstaklega hjá börnum og unglingum.

Akureyrmótið var að venju haldið í byrjun júlí og voru það þau Kristján Benedikt Sveinsson og Stefanía Elsa Jónsdóttir sem urðu Akureyrameistarar. Óskum við þeim kærlega til hamingju með það. Ágústmánudur var þétt setinn í mótahaldi. Hjóna og parakeppnin, VW open og í byrjun september var Eimskipsmótaröðin Bose-mótið og tókust öll þessi mót virkilega vel upp. Í lok september var ákveðið að halda tvö mót með óhefðbundnum reglum. Opna Coca-cola mulligan mótið og Greensome styrktarmót. Þetta var skemmtileg nýbreytni sem kylfingar höfðu gaman að. Við viljum að lokum þakka öllum þeim fjölmörgu styrktaraðilum, sjálfboðaliðum og starfsfólki sem komu að mótahaldi sumarsins á einn eða annan hátt kærlega fyrir þeirra aðstoð.



## SKÝRSLA ARCTIC OPEN NEFNDAR

Arctic Open mótið fór fram dagana 21.-24.júní.

Nefndarmeðlimi má sjá hér fremst í skýrslunni. Vil ég byrja á því að þakka nefndarmönnum fyrir vel unnin störf á nýliðnu ári þar sem Arctic Open tókst mjög vel og unnu þau öll virkilega gott starf.

Helstu samstarfsaðilar mótsins voru Air Iceland Connect, Vodafone, Toyota og Íslensk Ameríska bæði vegna verðlauna sem og teygjafa sem voru peysur frá FootJoy. Miklar þakkir til allra stuðningsaðila mótsins fyrir veittan stuðning.

Þátttakendur í mótinu voru 215 og þar af 39 erlendir gestir víðsvegar að úr heiminum. Völlurinn var í frábæru standi og eru vallarstarfsmönnum færðar miklar þakkir fyrir að gera Jaðar eins glæsilegan og hann í raun var. Sérstakar þakkir fá einnig allir sjálfboðaliðar sem koma að mótinu, bæði



fyrir mót og svo á meðan á því stendur. Veðurguðirnir reyndust okkur þó erfiðir þetta árið og buðu upp á íslenskt haustveður eins og það gerist verst.

Skemmtileg stemning myndaðist strax í opunarhófinu á miðvikudagskvöldið. Boðið var upp á Drive keppni sem og 100m chip keppni á Klöppum. Margir tóku þátt en sigurvegarar urðu Steindór Kristinn Ragnarsson sem sló 292 m í drive keppninni og Þórhallur Hjartarson sigraði í 100m chip keppninni.

Keppt var í fjórum flokkum eins og undanfarin ár en þeir eru opinn flokkur án forgjafar, með forgjöf, konur án forgjafar og 55 ára og eldri án forgjafar. Einnig var keppt í liðakeppni á meðan mótinu stóð og var valið í liðin af handahófi. Þrjú bestu skorin af fjórum giltu hvorn dag fyrir sig og sigurliðið skipuðu þau Arnar Sigurðsson, Konráð Vestmann Þorsteinsson, Tom Hagan og Jón Georg Ragnarsson.

Helgi Gunnlaugsson úr GA varð Arctic Open meistari 2017 og vann þar með annað árið í röð, en hann stóð einnig uppi sem sigurvegari árið 2016. Þetta er í fyrsta skipti í sögu mótsins að sami maðurinn vinni titilinn tvö ár í röð, frábær árangur!

Sigurvegari án forgjafar var Willy Blumenstein Valdimarsson á samtals 149 höggum.

Marólína G Erlendsdóttir úr Golfklúbbsi Reykjavíkur sigraði kvennaflokkinn í högggleik, einnig annað árið í röð og Tom Hagan frá USA stóð uppi sem sigurvegari í flokki 55 ára og eldri.





Á laugardagskvöldinu var lokahóf mótsins haldið í Golfskálanum. Jón Vídalín sá um veitingar en um veislustjórn sá Logi Bergmann Eiðsson og gerði það með glæsibrag.



Arctic Open nefndin var því virkilega sátt við mótið árið 2017. Svo er bara að vona að veðurguðirnir séu búnir að stilla sig af fyrir næsta sumar ☺

F.h. Arctic Open nefndar,

John Júlíus Cariglia

### **Skýrsla kvennanefndar**

Starfsemin byrjaði með hefðbundnum hætti með vorkundi þann 6. apríl þar sem ný stjórn tók til starfa og skipulag sumarstarfsins var kynnt í stórum dráttum.

Nefndina skipa Arnheiður Arngrímsdóttir, Brynja Friðfinnsdóttir og Inga Hrönn Einarsdóttir. Birgitta Guðjónsdóttir og Lilja Sigurðardóttir luku sinni stjórnarsetu og í þeirra stað komu Anna Pálína Jóhannsdóttir, Hrefna Svanlaugsdóttir og Ragnhildur Jónsdóttir. Nefndin þakkar Birgittu og Lilju fyrir vel unnin störf.

Þeir viðburðir sem kvennanefnd hélt utan um voru hin hefðbundnu kvennakvöld vön-óvön, Hatta- og pilsamótið sem er innanfélagsmótið okkar golfkvenna í GA og haustferð.

Kvennakvöldin voru þrjú, haldin 12. júní, 10. júlí og 14. ágúst. Markmið nefndarinnar var að ná til sem flestra kvenna sem eru að stíga sín fyrstu skref á golfvöllinum eða hafa komið á námskeið en hafa ekki verið virkar í að spila. Þar tókst vel til, það var afar góð mæting á þessi kvöld, allt frá 26 og upp í 48 konur. Á kvennakvöldum voru spilaðar ýmsar útgáfur af liðakeppnum og veitt verðlaun í lokin en þar réð heppnin hverjir hlutu verðlaun en ekki skor.





Hatta og pilsamótið var haldið þann 28. júlí og þar mættu 44 konur til leiks. Að venju var mikið lagt upp úr búningum, konur mættu í sínu fínasta þússi og derin fengu að víkja fyrir íburðarmeiri höfuðfötum. Að þessu sinni var ákveðið að spila Texas Scramble í mótinu í stað þess að hafa einstaklingskeppni til að hvetja óvanari golfkonur til að taka þátt. Það mæltist almennt vel fyrir.

Sú nýbreytni varð að í stað hefðbundinnar vorferðar var ákveðið að gera tilraun með að fara í haustferð. Það var bæði gert til að laða að fleiri þátttakendum - þar sem á vegum GA var farin ferð erlendis að vori - og til að spila við betri aðstæður. Þann 9. september var haldið í dagsferð til Húsavíkur þar sem var tekið mjög vel á móti hópnunum. Þarna fékk keppnisskapið að blómstra, spiluð var 18 holu punktkeppni með forgjöf. Mættu 40 konur til leiks, þar af 5 frá Húsavík.

Við erum ánægðar í lok góðs golfárs og viljum sérstaklega þakka Heimi framkvæmdastjóra, Jóni Vídalín og öllu hinu góða starfsfólki GA fyrir aðstoð, lán á golfbílum og umburðarlyndi. Þá viljum við einnig þakka þeim fjölmörgu fyrirtækjum og einstaklingum sem lögðu okkur til verðlaun á mótin okkar eða aðstoðuðu á annan hátt.

Takk fyrir okkur

Kvennanefnd GA 2017

## SKÝRSLA ÖLDUNGANEFNDAR

Starf eldri kylfinga var með hefðbundnu sniði, það er að undirbúa þátttöku í sveitakeppni.

Í ár var keppnin haldin hjá Golfklúbbnum Öndverðarnesi þar sem karlarnir spiluðu og hjá Golfklúbbi Vestmannaeyja þar sem konurnar spiluðu.

Stelpurnar okkur léku gott golf í Vestmannaeyjum og enduðu í öðru sæti og fara upp í fyrstu deild.





Karlasveitin okkar náði sér ekki alveg á strik í öndverðanesinu og spila í 2.deild að ári.

Karlasveitina skipuðu þeir, Jón Gunnar Traustason (liðsstjóri), Kjartan F. Sigurðsson, Vigfús Ingi Hauksson, Jón Þór Gunnarsson, Bjarni Ásmundsson, Bjarni E. Einarsson, Albert H. Hannesson og Sigurður Samúelsson.

Kvennasveitina skipuðu Þórunn Anna Haraldsdóttir, Unnur Elva Hallsdóttir, Eygló Birgisdóttir, Ragnhildur Jónsdóttir, Anna Einarsdóttir, Birgitta Guðjónsdóttir og Guðrún Steinsdóttir. Liðstjóri var Guðlaug María Óskarsdóttir.

## Skýrsla afreks- og unglínganefndar

Árið 2017 var að venju viðburðaríkt og byrjaði á fullu hjá okkar efnilegustu kylfingum. Hver kylfingur í keppnis- og afrekshóp fékk einkatíma einu sinni í viku ásamt hóptíma og vippæfingu í Boganum. Samhliða því að vinna í golfleiknum var unnið í líkamanum í Heilsuþjálfun tvisvar í viku og Crossfit Akureyri einu sinni í viku fram að vori. Um haustið var síðan byrjað aftur af fullum krafti í Heilsuþjálfun þrisvar í viku.

Veturinn var mildur á Íslandi og opnaði völlurinn fyrr en ella. Það hafði verið ákveðið að fara í æfingaferð til Akraness seinustu helgina í apríl en við vorum óheppin með veður. Hitastigið fór ekki mikið upp fyrir frostmark fyrsta daginn en á meðan fór hitinn í 12°C á Akureyri og Jaðarsvöllur opnaður 1. maí. Veðrið skánaði hinsvegar á skaganum og gátum við spilað við fínar aðstæður.

Æfingar hjá yngri krökkunum gengu fram úr vonum á árinu og hafa 55 börn mætt reglulega á skipulagðar æfingar árið 2017. Flest þeirra byrjuðu í Golfskóla GA en þar fengum við 121 börn á eitt eða fleiri námskeið. Námskeiðin voru 6 talsins og var meðalfjöldi barna á hverju námskeiði um 35 börn sem er aukning frá því í fyrra. Þegar nýr 6 holu æfingavöllur opnaði á Jaðri hófust spilaæfingar í hverri viku hjá yngri hópnum en þessar æfingar undirbúa börnin betur undir það hvernig á að umgangast golfvelli til að gera leikinn skemmtilegri og eykur um leið öryggi þeirra á vellinum.

Í sumar fengum við að njóta návistar John Garner sem hefur þjálfað börn, unglínga og afrekskylfinga í fjöldamörg árum. Hann er hokinn af reynslu en Garner hefur sjálfur spilað og keppt frá því hann var 16 ára gamall og spilaði lengi vel á Evróputúrnum í golfi þar sem hann vann eitt mót árið 1972 og var með í Ryder keppninni 1971 og 1973. Garner er heiðursfélagi PGA og hefur verið landsliðsþjálfari hjá landsliðum á Íslandi, Englandi, Wales og Írlandi. Í vetur fengum við síðan Mark Bull í heimsókn sem kynnti fyrir okkur 3D tækni til að greina sveifluna. Hann tók alla krakkana í keppnishópnum og afrekshópnum í 30 mín. kennslu þar sem hann sýndi þeim hvernig þau gætu bætt beitingu líkamans í sveiflunni með því að skoða uppstillinguna. Með því að laga minniháttar villu í sveiflunni er hægt að bæta högginn og komast forða líkamanum frá meiðslum.

Mótahald var með svipuðum hætti og í fyrra þar sem reynt var að mæta getustigi allra í barna-, unglínga- og afrekshópnum. Í boði voru svokölluð Þriðjudagsmót sem haldin voru alla þriðjudaga og var flokkaskiptingin þannig að allir, hvort sem þeir eru gamlir eða ungir, gátu verið með. Norðurlandsmótin voru haldin að þessu sinni á Dalvík, Sauðárkróki, Ólafsfirði og Akureyri. Við áttum oftast en ekki marga þátttakendur í þeim mótum og oft vermdu okkar krakkar verðlaunapallinn. Íslandsbanka- og Áskorendamótaröðin var á sínum stað. Það voru farnar skipulagðar ferðir líkt og sumarið 2016 með keppnishópinum suður til að taka þátt í þessum mótum. Farið var á rútu og gíst í annað hvort skátaheimilum eða skólum nálægt þeim völlum sem mótin voru haldin á. Okkar krakkar stóðu sig með þryði og unnu milli



sín þrjú 1. sæti, þrjú 2. sæti og fimm 3.sæti. Kristján Benedikt Sveinsson endaði í 3. sæti í Íslandsmóti unglunga í höggleik í flokki 17-18 ára pilta og hafnaði í fjórða sæti á stigalista Íslandsbankamótaraðarinnar. Hann var einnig valinn í 6 manna landsliðshóp 18 ára og yngri sem tók þátt í European Boys Team Championship í Póllandi þar sem þeir enduðu í 4. sæti. Andrea Ýr Ásmundsdóttir stóð sig einnig vel á tímabilinu en hún varð Íslandsmeistari unglunga í holukeppni í hópi 15-16 ára telpna. Andrea var valin í stúlknalandslið Íslands til að taka þátt í EM í golfi sem fór fram í Finnlandi 11.-15. júlí. Hún var einnig valin til að spila á European Young Masters sem fór fram í Noregi dagana 27.-29. júlí og stóð sig vel. Andrea hefur sömuleiðis verið valin í landsliðshóp GSÍ fyrir árið 2018.

Eimskipsmótin voru á sínum stað og átti GA að meðaltali 7 þátttakendur á hverju móti. Þar af var eitt mót haldið á Akureyri og í því varð Kristján Benedikt jafn í 2.-6. sæti. Tumi Hrafn Kúld var með bestan árangur GA-inga á Eimskipsmótunum en hann er í 3. sæti stigalistans eftir fyrstu tvö mót þessa tímabils sem haldin voru síðastliðið haust. Tumi hefur verið í Wisconsin í Bandaríkjunum síðastliðin tvö sumur þar sem hann hefur æft og tekið þátt í golfmótum en nú hefur Tumi skrifað undir samning hjá Western Carolina University sem er einn af toppskólunum í Bandaríkjunum. Hann mun hefja skólagöngu þar haustið 2018. Tumi er ekki eini afrekskylfingurinn sem hefur komist á styrk hjá háskóla í Bandaríkjunum en Stefán Einar Sigmundsson stundar þar nám við Bethany College og Eyþór Hrafnar Ketilsson við Faulkner University. Þeir æfa báðir og keppa með háskólaliðum sínum.

Afreksstarfið hefur gengið með ágætum þetta árið. Sveitir GA stóðu sig afskaplega vel í Íslandsmóti golfklúbba sumarið 2017. Kvennasveitin og karlasveitin unnu til 1. verðlauna og öldungasveit GA varð í 2. sæti í 2. deild kvenna. Öldungasveitin, karlasveitin og kvennasveitin færast upp í 1. deild í sínum flokkum árið 2018 og sveit 15-18 ára pilta urðu Íslandsmeistarar.

Allt er á uppleið í barna-, unglunga- og afreksstarfi GA og munum við halda áfram að gera allt sem við getum til að fá sem flesta til að taka þátt í þessari möggnuðu íþrótt.

Með bestu kveðjum,

Stefanía Kristín

aðstoðargolfkennari GA

